

Aðalfundur Ungmennafélags

Njarðvíkur 2019



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

STOFNAÐ 10. APRÍL 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

Haldinn miðvikudaginn 24.júní 2020

kl. 20:00 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík



Efnisyfirlit:

1.0 Aðalfundur 2019

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2019

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Samráðsfundur UMFÍ

2.3.7 Styrktarreglur UMFN

2.3.8 Framtíðarsýn UMFN

2.3.8 Þorablót

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Líksamræktar- og kraftlyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Judódeild

3.6 Þríþrautardeild



4.0 Þakkarorð

5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2019

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2019
- 5.2 Knattspyrnudeild UMFN 2019
- 5.3 Körfuknattleiksdeild UMFN 2019
- 5.4 Kraftlyftingardeild UMFN 2019
- 5.5 Sunddeild UMFN 2019
- 5.6 Júðódeild UMFN 2019
- 5.7 Þríþrautadeild UMFN 2019

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2019

- 6.1 Knattspyrnudeild
- 6.2 Körfuknattleiksdeild
- 6.3 Kraftlyftingardeild
- 6.4 Sunddeild
- 6.5 Júðódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar



8.0 Reikningar félagsins 2019

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar
- 8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 25.júní 2020 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík kl. 20:00

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2019

2. Heiðursviðurkenningar.

3. Ávarp gesta.

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

5. Önnur mál.

6. Fundarslit.



2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2019

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2019-2020

Ólafur Eyjólfsson, formaður

Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður

Ágústa Guðmarsdóttir, gjaldkeri

Anna Andrésdóttir, ritari

Jenný L. Lárusdóttir meðstjórnandi

Thor Hallgrímsson, varamaður

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, varamaður

Skoðendur reikninga:

Kristín Örlygsdóttir

Valþór Söring

Ingigerður Sæmundsdóttir til vara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins.

Í nefndinni áttu sæti; Þórdís Ingólfssdóttir og Ólöf Viðarsdóttir (knd), Jónína Margrét Hermannsdóttir, Friðrik E. Stefánsson og Þóra Snjólfssdóttir (kkd), Gulla Olsen (kraftld.), Sigurrós Antonsdóttir og Guðrún Ósk Lange (sundd.), Hrafnkell Þór og Vilbert Gústafsson (júdód.) og Jenný L. Lárusdóttir (aðalstjórn)

2.3. Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ



Á síðasta ári voru haldin tvö landsmót, 50+ í Neskaupstað og Unglingalandsmótið á Höfn í Hornafirði, um verslunarmannahelgina. Ungmennafélag Njarðvíkur átti þátttakendur á báðum mótunum, en dræm þátttaka var á þeim báðum, á 50+ mótið þótti fólki langt að fara, sömuleiðis var fámennnt frá okkur á unglíngalandsmótið og hafði verðurspáin greinilega mikil áhrif þar.

Landsmót 50+ 2020 verður í Borgarnesi dagana 19-21.júní 2020 og Unglingalandsmótið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina, dagana 31.júlí-2.ágúst 2020. Svo er það íþróttaveisla UMFÍ (áður Landsmót UMFÍ) sem verður í Kópavogi 26-28.júní 2020 þar sem allir 18 ára og eldri geta tekið þátt án þess að það sé á vegum íþróttafélags. Það er því ekki hægt að kvarta að langt sé að fara, bara rétt handan við hornið. Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.

2.3.4. Sport- og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin hafa tekist mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttafraeðings. (Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumansins sem fylgir hér með.)

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ var haldið haldið á haustdögum 11-13.okt. 2019 á Laugarbakka í Miðfirði. Vel var mætt af okkar hálfu þó svo heildarþátttaka á þinginu væri frekar dræm. Frá okkur fóru: Ólafur Eyjólfsson, Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson. Stóra málið á þinginu var umsókn þriggja íþróttabandalaga af sjö að UMFÍ, og var umsókn þeirra samþykkt með miklum meirihluta atkvæða rúmlega hundrað fulltrúa sambandsaðila UMFÍ. Nýju sambandsaðilarnir eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA) og fá þau við inngönguna stöðu sambandsaðila UMFÍ. Þau félög sem ekki sóttu um aðild að UMFÍ eru; Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH), Vestmannaeyja (ÍBV), Reykjanesbæjar (ÍRB) og Suðurnesja (ÍS)

2.3.6. Samráðsfundur UMFÍ , verður haldinn á árinu 2020.

2.3.7 Styrktarreglur UMFN



Aðalstjórn veitti styrki á starfsárinu í samræmi við reglur UMFN. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

Voru neðangreindar reglur samþykktar á fundi þann 22. september 2009.

UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.

Styrkur til hvers einstaklings er kr. 25.000. fyrir hverja ferð á vegum landsliðs.

Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.

Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.8 Framtíðarsýn UMFN

Áfram var unnið að framtíðarsýn UMFN og þá aðallega varðandi nýtt íþróttamannvirki við Afreksbraut. Reykjanesbær ákvað að fá Capacent til þess að taka út aðstöðu allra íþróttafélaganna í bænum, þar sem um var að ræða stefnumótun íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ. Á fundi ÍT-ráðs þann 17.10.2019 var bókað: „Íþrótt- og tómstundaráð Rnb fagnar því að unnið sé í samræmi við niðurstöður Capacent þar sem ljóst er að mikil þörf er á bættri æfingaaðstöðu fyrir knattspyrnufélög bæjarins. Frá fundi ÍT-ráðs 18.júní s.l. er búið að funda með forsvarsmönnum beggja félaga og þarfir þeirra teknar til skoðunar, sérstaklega hvað varðar gervigrasvöll fyrir bæði félög og íþróttahús fyrir UMFN. Ef teknar eru til greina þarfir íþróttaf. til hliðsjónar við framtíðarsýn sem kynnt var af Capacent og þær kostnaðartölur sem voru lagðar fram af umhverfis- og skipulagssviði er það ljóst að framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja á miðlægu íþróttasvæði er hagkvæmasti kosturinn fyrir Rnb í heild sinni“ Einnig skal það tekið fram að ÍT-ráð er ekki að stuðla að sameiningu íþróttafélaganna á nokkurn hátt þó í einhverjum tilfellum sé rætt um sameiginlega nýtingu á aðstöðu. Mat ÍT-ráðs er að eftirfarandi framkvæmdir verði settar á fjárhagsáætlun en



jafnframt að uppbygging aðstöðu og íþróttamannvirkja verði reglulega endurskoðuð og mögulega flýtt. (úrdráttur)

Eftirfarandi tímalína er sett fram:

2019: Teiknað upp framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og ÍT-ráð. Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir nýjan sameiginlegan æfingagervigrasvöll sem nýtist báðum félögum, ásamt öðrum framkvæmdum.

2020: Hafist handa við byggingu á æfingagervigrasvelli og búningaaðstöðu vestan Reykjaneshallar. Ný áhaldageymsla við Reykjaneshöll. Áfram unnið að framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og ÍT-ráð. Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir hönnum á fyrsta áfanga á íþróttahúsi sem hýsir keppnisvöll og félagsaðstöðu fyrir UMFN.

2021: Hafist handa við fullnaðarhönnun og uppbyggingu á íþróttahúsi við Afreksbraut, ásamt öðrum framkvæmdum.

2022-2026: Framkvæmdir við byggingu íþróttahúss og áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja við Afreksbraut. (Upplýsingar úr fundargerð ÍT-ráðs 17.10.19 # 134)

2.3.9 Þorablót

Þorablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins tíunda árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorablótsnefnd leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá fimm deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspegladist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahússins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpsemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 450 manns sóttu það og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta blót er hafin.

2.3.10 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 7 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:30-19:00. Haldnir voru tveir fundir með formönnum deilda. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.



3.0 Starfsemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Skýrsla stjórnar KND UMFN starfsárið 2019

Starfsemi deildarinnar var í föstum skorðum á árinu 2019 líkt og áður, en ávallt er reynt að gera aðeins betur á hverju ári. Fjöldi iðkenda er orðin hátt í 300 og rúmlega tíu þjálfarar starfa hjá deilinni, en félagið býr vel að þeim þjálfurum sem það hefur á að skipa.

Meistaraflokkur félagsins tókst á við Inkasso- deildina annað árið í röð, ásamt því að taka þátt í undirbúningsmótum og bikarkeppni á árinu. Liðið komst í 8- liða úrslit bikarkeppninnar, sem er besti árangur í sögu félagsins í þeirri keppni, en féll út gegn verðandi Íslandsmeisturum KR. Liðið náði hins vegar ekki að halda sæti sínu í Inkasso- deildinni og varð það því hlutskipti okkar að falla í 2. deild. Þessi niðurstaða var mikil vonbrigði fyrir félagið, enda hefur það verið markmið þess að ná meiri festu í efri deildum Íslandsmótsins.

Starfsemi yngri flokka er alltaf að styrkjast, en mikil fjölgun iðkenda hefur verið hjá félaginu undanfarin ár. Á liðnu starfsári voru allir drengjaflokkar starfræktir, ásamt fjórum stúlknaflokkum, en það verkefni hefur vaxið og dafnað vel undanfarið. Knattspyrnudeildin heldur úti vetrarmótum sem haldin eru í Reykjaneshöllinni og eru þau mikilvæg fjáröflun fyrir starf yngri flokka félagsins. Sumarið er annasamt hjá öllum yngri flokkum, þar sem leikið er í Íslandsmótum ásamt því sem eru lið send á öll stærstu sumarmót sem haldin eru um land allt. Nú í upphafi nýs starfsárs er hægt að segja að staða yngri flokka sé að styrkjast enn fremur og að framtíðin hjá félaginu sé björt. Sl. sumar var samið við enska úrvalsdeildarfélagið Wolves um kaup félagsins á ungum markverði; Pálma Rafni Aðalbjörnssyni. Pálmi hefur vaxið sem markvörður, en hann varð 16 ára undir lok ársins og gekk þá formlega til liðs við Úlfanna.

Rekstur deildarinnar gekk þokkalega, en það er ljóst að aftur hefur dregið saman hér á svæðinu og því verður að halda vel utanum allan rekstur á komandi tímum. Eins og áður sá deildin um rekstur íþróttasvæðisins samkvæmt samningi við Reykjanesbæ. Það er stórt verkefni árlega að safna fjármagni til rekstursins og það hefst ekki nema með mikilli vinnu sem fjölmargir aðilar koma að. Skuldastaða deildarinnar er í lágmarki, en það er markmið okkar að tryggja fé til rekstursins svo ekki þurfi að skuldsetja hann fyrir reglubundnum rekstri.

Sem fyrr voru málefni um bættu aðstöðu UMFN fyrirferðarmikil á árinu, en félagið hefur lagt áherslu á hugmyndir þess um framtíðar aðstöðu UMFN við Afreksbraut. Stjórnin hefur ásamt aðalstjórn og stjórn körfuknattleiksdeildarinnar unnið veglega hugmyndavinnu og kynnt fyrir bæjaryfirvöldum. Þar hefur skýr vilji félagsins komið fram og er hann að framtíðar aðstaða félagsins sé við Afreksbrautina.

Stjórn deildarinnar í lok starfsárs skipuðu þeir; Árni Þór Ármannsson formaður, Sigurður Hilmar Ólafsson ritari, Andri Örn Víðisson, Arnór Björnsson og Viðar Einarsson. Varamenn í stjórn voru Aron Hlynur Ásgeirsson, Helgi Már Vilbergsson og Markús Ívar Hjaltested. Framkvæmda- og vallarstjóri er Leifur Gunnlaugsson.

Stjórn knattspyrnudeildar þakkar öllu því félagsfólki sem í sjálfboðavinnu sem lagt hefur fram vinnu og tíma við að halda hjólum starfsins gangandi. Einnig öllum þeim fyrirtækjum og stofnum sem



styrkja starfsemi deildarinnar.

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar UMFN
Árni Þór Ármannsson formaður

3.2. Körfuknattleiksdeild

Skýrsla stjórnar KKD UMFN starfsárið 2019-2020

Apríl 2019

Á aðalfundi KKD UMFN í mars 2019 varð Kristín Örylgisdóttir nýr formaður KKD UMFN og þar með fyrsta konan til þess að gegna embættinu. Meðstjórnendur voru kosnir: Brenton Birmingham varaformaður, Jón Björn Ólafsson ritari, Vala Rún Vilhjálmisdóttir gjaldkeri, Agnar Mar Gunnarsson, Sigrún Ragnarsdóttir og Emma Hanna Einarsdóttir. Í varastjórn voru svo eftirfarandi: Guðrún Hildur Jóhannsdóttir, Geirný Geirsdóttir og Ásgeir Snær Guðbjartsson.

Maí 2019

Kristinn Pálsson framlengdi samningi sínum við KKD UMFN út leiktíðina 2019-2020.

Lokahóf KKÍ fór fram þann 10. maí þar sem Kamilla Sól Viktorsdóttir var valin í úrvalsið kvenna í 1. deild og Vilborg Jónsdóttir var valin besti ungi leikmaður deildarinnar.

Í maí mánuði framlengdu þær Jóhanna Lilja Pálsdóttir, Erna Freydís Traustadóttir, Eva María Lúðvíksdóttir og Júlía Scheving Steindórsdóttir allar samningum sínum við kvennalið Njarðvíkur út leiktíðina 2020-2021. Þá framlengdi Mario Matasovic einnig samningi sínum við Njarðvík út tímabilið 2019-2020. Skömmu síðar gerðu þær Helena Rafnsdóttir, Vilborg Jónsdóttir, Anna Lilja Ásgeirsdóttir, Sigurveig Sara Guðmundsdóttir og Lára Ösp Ásgeirsdóttir tveggja ára samninga við Njarðvík en þetta voru þeirra fyrstu samningar við félagið.

Á lokahófi unglingaráðs UMFN hlaut Veigar Páll Alexandersson Elfarsbikarinn og Jóhanna Lilja Pálsdóttir hlaut Áslaugarbikarinn. Bikararnir eru afhentir efnilegustu leikmönnum félagsins á yngri flokka aldri og þeim sem eru fyrirmyndir fyrir yngri leikmenn utan sem innan vallar.

Júní 2019

Njarðvík samdi við bandaríska miðherjann Wayne Martin.

Hið árlega þjóðhátíðarkaffi KKD UMFN fór fram á sal Njarðvíkurskóla þar sem fjöldi góðra gesta lagði leið sína við samsætið sem og fjöldi öflugra sjálfboðaliða gerði veisluborðið á þjóðhátíðardeginum einkar girnilegt.

Njarðvík samdi við bakvörðinn Evaldas Zabas.

Júlí 2019

Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur gerði nýjan samstarfssamning við Íslenska gámafélagið og fyrir vikið hlaut Ljónagryfjan í fyrsta sinn nýtt nafn og ber nú nafnið Njarðtaksgrýfjan út leiktímabilið 2020-2021. Ása Böðvarsdóttir Taylor og Þuríður Birna Björnsdóttir framlengdu samningum sínum við kvennalið Njarðvíkur til næstu tveggja ára.

Ágúst 2019

Njarðvík samdi við Yngva Pál Gunnlaugsson þjálfara um þjálfun yngri flokka sem og að koma inn í þjálfarateymi meistaraflokks karla.



Þrír öflugir Njarðvíkingar héldu til Bandaríkjanna í nám og körfuboltaíðkun en það voru þeir Snjólfur Marel Stefánsson, Adam Eiður Ásgeirsson og Gabríel Sindri Möller. Elvar Már Friðriksson kvaddi uppeldisfélagið og samdi við sænska liðið Boras.

September 2019

Meistaraflokkur karla fór í æfingaferð að Flúðum í ágústmánuði en kvennalið Njarðvíkur hélt í æfingaferð til Ungverjalands.

Á árlegum fundi formanna og fyrirliða hjá KKÍ var karlaliði Njarðvíkur spáð 4. sæti í Domino's-deild karla en kvennaliði Njarðvíkur var spáð 1. sæti í 1. deild kvenna.

Október 2019

Njarðvík sagði upp samningi sínum við Evaldas Zabas og réði Kyle Williams í hans stað.

Nóvember 2019

Jón Arnór Sverrisson leikmaður meistaraflokks karla lék sinn 100. leik fyrir KKD UMFN á Íslandsmóti KKÍ.

Njarðvík komst í 16-liða úrslit í Geysisbikarkeppni karla eftir sigur á Hetti á Egilsstöðum.

Njarðvík samdi við bandaríska leikstjórnandann Chaz Williams.

Desember 2019

Njarðvík og Keflavík mættust í 16-liða úrslitum karla og kvenna í Geysisbikarnum þann 8. desember. Keflvíkingar höfðu betur að þessu sinni svo bæði karla- og kvennalið Njarðvíkur féllu úr Geysisbikarnum í 16-liða úrslitum eftir að hafa átt kvennalið í úrslitum 2018 og karlalið 2019.

Hið árlega jólahappdrætti KKD UMFN fór fram í desember og tókst sala miða mjög vel til og er stjórn KKD UMFN þakklát öllum þeim sem kaupa miða í happdrættinu en jólahappdrætti deildarinnar er á meðal fremstu fjáraflana deildarinnar og ár hvert eru veglegir vinningar í boði.

Njarðvík ákvað að segja upp samningi sínum við bakvörðinn Kyle Williams.

Elvar Már Friðriksson og Vilborg Jónsdóttir voru valin körfuknattleiksfolk UMFN árið 2019.

Wayne Martin baðst lausnar á samningi sínum og hélt til starfa í Svíþjóð og í kjölfarið samdi Njarðvík við Aurimas Majauskas frá Litháen.

KKD UMFN hélt jólabingó milli jóla og nýárs sem lukkaðist einkar vel, efri hæðin í Ljónagryfjunni var þétt setin og góður rómur gerður að uppátækinu og til stendur að deildin haldi páskabingó sem þegar hefur fengið tugi skráninga.

Janúar 2020

Njarðvík réði Birnu Björk Þorkelsdóttur í starf íþróttafulltrúa.

Njarðvík samdi við Tevin Falzon.

Logi Gunnarsson var heiðraður fyrir leik Njarðvíkur og Keflavíkur í Ljónagryfjunni 16. janúar fyrir 300 leiki fyrir félagið á Íslandsmóti KKÍ.

Þann 16. janúar mættust Njarðvík og Keflavík í Domino's-deild karla í leik sem fékk nafnið „Öllaleikurinn“ þar sem 20 ár voru upp á dag frá láti Örlygs Arons Sturlusonar fyrrum leikmanns Njarðvíkur og A-landsliðs Íslands. Minningarsjóður Ölla hlaut allan aðgangseyri að leiknum og um það bil 1,5 milljón króna söfnuðust af leiknum sem runnu óskiptar inn í Minningarsjóð Ölla.

Tevin Falzon var sagt upp samningi sínum í Ljónagryfjunni og Njarðvík samdi við Eric Katenda sem lék með liðinu á síðustu leiktíð.

Febrúar 2020

Elfa Falsdóttir samdi við kvennalið Njarðvíkur.



F.h. Stjórnar KKD UMFN
Kristín Örlygsdóttir formaður.

Skýrsla stjórnar unglíngaráðs KKD UMFN starfsárið 2019-2020

Starfsemi Unglíngaráðs var að venju með hefðbundnum hætti tímabilið 2019-2020. Í unglíngaráði voru 10 aðilar eða 5 hjón sem skiptu með sér verkum. Formaður unglíngaráðs er Guðný Björg Karlsdóttir. Gjaldkeri er Guðbjörg Björnsdóttir en aðrir í unglíngaráði skipta mér sér verkum eftir aðstæðum. Þau eru Sólveig Silfá, Guðmundur Páll, Katrín Jóna, Einar Þór, Freyr, Hrefna Björk, Guðmundur Helgi og Hjörvar Örn.

Iðkendafjöldi hélst næstum óbreyttur milli ára og voru í lok tímabils skráðir 257 iðkendur, 118 drengir og 139 stúlkur.

Stærstu verkefni Unglíngaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar eru mörg. Rekstur sjoppu á öllum leikjum meistaraflokkanna og á fjölliðamótum, framkvæmd á stærsta körfuboltamóti landsins sem er Nettómótið með yfir 1200 þátttakendum.

Einnig sér unglíngaráð um umsjón með sölutjaldi á 17. júní hátíðarsvæði bæjarins og umsjón með skipulagi á hátíðarsvæði Ljósanætur sem eru samstarfsverkefni með unglíngaráði kkd Keflavíkur undir nafni hagamunafélaginu KarfaN.

Unglíngaráð sér um pantanir á keppnisbúningum fyrir iðkendur, en þess má geta að keppnisbúningur er innifalinn í æfingargjöldum þegar iðkandi er skráður í fyrsta sinn. Þá er unglíngaráð með ýmsan merktan varning til sölu sem fjáröflun og hefur síðust ár verið að bæta við varningi til sölu sem fjáröflun fyrir deildina.

Logi Gunnarsson tók við sem yfirþjálfari Unglíngaráðs árið 2014 og var endurnýjaður samningur við hann um yfirþjálfun hjá ráðinu. Aðrir þjálfarar yngri flokka voru Agnar Mar Gunnarsson, Eygló Alexandersdóttir, Bylgja Sverrisdóttir, Hermann Ingi Harðarson, Lárus Magnússon, Ingvar Þór Guðjónsson, Jeb Ivey, Mario Matasovic, Jóhannes A. Kristbjörnsson, Rúnar Ingi Erlingsson, ásamt fjölda aðstoðarþjálfara.

Styrktarþjálfarinn Ólafur Hrafn Ólafsson starfaði eins og undanfarin ár við styrktarþjálfun krakkanna frá 9. flokki og eldri.

Haldið var áfram með leikskólahóp fyrir iðkendur sem eru 5 ára sem og morgunæfingar sem eru 2 sinnum í viku fyrir iðkendur í 7. flokki og eldri. Vel var mætt á morgunæfingarnar og eru þessar æfingar alltaf að verða betur sóttar með árunum. Logi Gunnarsson, yfirþjálfari sér um morgunæfingarnar.

Sumaræfingar eru löngu orðnar fastur liður í starfinu, með aðstoð bæjaryfirvalda með æfingar fyrir afrekshóp félagsins sem og æfingar fyrir aðra iðkendur. Logi Gunnarsson, yfirþjálfari hefur umsjón með afreksæfingunum en auk hans sáu Elvar Már Friðriksson, Ína María Einarsdóttir, Bylgja



Sverrisdóttir, Eygló Alexandersdóttir og Hermann Ingi Harðarson um þjálfun, iðkendur úr afrekshópi aðstoðuðu einnig við þjálfunina á sumaræfingum sem voru vel sóttar. Mikil ánægja var með sumaræfingar barna- og unglíngaráðs.

Þá hélt unglíngaráð utan um kynningarnámskeið í körfubolta fyrir iðkendur á Ásbrú sem var vel sótt.

Það voru 14 leikmenn frá okkur sem voru valin í æfingahópa yngri landslið Íslands og tóku þau þátt í alþjóðlegum mótum, Norðurlandamótum og í Evrópukeppni. Unglíngaráð heldur utan um fjáröflun fyrir landsliðskrákkana sem eru valin í þessi verkefni í samráði við foreldra þeirra. Verkefni við fjáröflun landsliðs iðkenda hefur vakið athygli annarra liða og er að okkar mati til eftirbreytni.

Á lokahófi unglíngaráðs í lok maí voru afhentar viðurkenningar fyrir iðkendur. Allir iðkendur 10 ára og yngri fá viðurkenningarskjal. Bikarar eru afhentir fyrir iðkendur 11 ára og eldri sem taka þátt í Íslandsmóti, þeir leikmenn sem hafa sýnt mestur framfarir, valinn er efnilegasti leikamaðurinn, duglegasti leikmaðurinn og mikilvægasti leikmaðurinn. Þessir iðkendur eru valdir af þjálfara hvers flokks.

Á lokahófinu sem var stýrt af yfirþjálfara, afhentu þjálfarar bikarana. Á lokahófinu eru einnig afhentir Áslaugar- og Elfarsbikarinn en þeir bikarar eru afhentir efnilegustu leikmönnum félagsins í yngri flokkum og jafnframt þeim sem eru fyrirmyndir fyrir yngri leikmenn utan sem innan vallar. Áslaugarbikarinn hlaut Jóhanna Lilja Pálsdóttir leikmaður í stúlkna- og meistaraflokki félagsins og Elfarsbikarinn hlaut Veigar Páll Alexandersson leikmaður í unglíng- og meistaraflokki.

F.h. Unglíngaráðs Kkd. UMFN
Guðný Karlsdóttir formaður

3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild UMFN

Skýrsla stjórnar Massa starfsárið 2019

Keppnisárið 2019 var það besta í langan tíma hjá Massa. Sindri Freyr Arnarsson tók að sér að þjálfa kraftlyftingar reglulega í byrjun árs. Keppnislið Massa í kraftlyftingum tók þátt í flestum mótum á árinu með full mannað lið og vann til fjölda einstaklingsverðlauna. Árangurinn stóð ekki á sér og fór í raun fram úr okkar björtustu vonum. Kvennalið Massa varð bæði Bikar- og Íslandsmeistarar í klassískum kraftlyftingum. Í lok árs varð það svo að Massi sigraði liðakeppni KRAFT og stóð uppi sem stigahæsta liðið 2019 bæði í karla- og kvennaflokki, sem er frábær árangur og getum við verið afar stolt af því.

Massi átti þrjá keppendur í landsliði Íslands á RIG í janúar 2019. Katla Björk Ketilsdóttir og Emil Ragnar Ægisson sigruðu bæði í sínum flokki í Ólympískum lyftingum.

Halldór Jens Vilhjálmsson keppti í kraftlyftingum og endaði í 2.sæti meðal íslendinga með 660kg í samanlögðu. Frammistaða Halldórs á mótinu tryggði honum þátttöku á fleiri stórmótum á árinu.



Halldór Jens keppti á Heimsmeistaramóti unglunga í klassískum kraftlyftingum í Svíþjóð (júni), Evrópumeistaramóti unglunga í klassískri bekkpressu í Lúxemborg (ágúst), og Evrópumeistaramóti unglunga í klassískum kraftlyftingum í Litháen (nóvember).

Massi hélt Bikarmót KRAFT í bekkpressu og klassískri bekkpressu í Njarðvík 17.mars. Öllu var til tjaldað í Ljónagryfjunni og gekk mótið vel fyrir sig. Massi fékk sérstakt hrós frá öðrum félögum fyrir gott keppnishús, skipulag og dýrindis bakkelsi í boði Sigurjóns bakarís.

Sterkasti maður Suðurnesja var haldin sunnudaginn 8.september í blíðskapa veðri en fresta þurfti keppni um einn dag sökum veðurs. Í fyrsta skiptið var keppt bæði í karla- og kvennaflokki. Kristján Jón Haraldsson var krýndur Sterkasti maður Suðurnesja 2019 og Ásta Margrét Heimisdóttir var krýnd Sterkasta Kona Suðurnesja 2019.

Jólamót Massa fór fram í annað sinn laugardaginn 15.desember. Tíu keppendur tóku þátt, sex konur og fjórir karlar. Þetta var hörku keppni og gaman að sjá ný andlit á keppnispalli í kraftlyftingum. Veitt voru bikarverðlaun fyrir flest IPF stig í karla og kvenna flokki.

Í kvennaflokki sigraði Íris Rut Jónsdóttir og í karlaflokki sigraði Benedikt Björnsson.

Stjórn massa tilnefndi Lyftingarfolk ársins hjá UMFN og Reykjanesbæ, voru það þau Aþena Eir Jónsdóttir og Emil Ragnar í olympískum lyftingum. Í kraftlyftingum reyndist valið örlítið erfiðara, þar sem þrjár konur voru mjög jafnar en var það ákvörðun stjórnar að tilnefna Elísu Sveinsdóttir ásamt Halldóri Jens Vilhjálmsyni. Halldór Jens var svo valinn Íþróttamaður UMFN 2019 sem við erum afar stolt af.

Stjórn deildarinnar í lok starfsárs skipuðu þeir; Ellert Björn Ómarsson formaður, Sindri Freyr Arnarsson varaformaður, Gunnlaug F. Olsen gjaldkeri, Hákon Stefánsson ritari og Halldór Jens Vilhjálmsson meðstjórnandi.

Að lokum óska ég íþróttafólkinu okkar til hamingju með árangur síðasta árs í von um að fleiri stökkvi á bætingalestina og haldi merkjum okkar frábæra félags á lofti í framtíðinni.

F.h. Massa
Ellert Björn Ómarsson formaður

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2019

Margt hefur verið gert á árinu hjá sunddeild UMFN. Eins og síðustu ár þá höfum við átt farsælt starf með sunddeild Keflavíkur undir merkjum sundráðs Íþróttabandalags Reykjanesbæjar (ÍRB)

Á árinu urðu fomannskípti hjá sunddeildinni. Hapa Kristín Einarsdóttir lét af formannsku eftir gjöfult starf til margra ára og Sigurrós Antonsdóttir tók við formennsku.

Árið hefur verið viðburðaríkt og flott ár fyrir sundfólkið okkar. Við vorum með fimm sundmenn í landsliðsverkefnum þetta árið hjá sunddeild UMFN.



Eydís Ósk Kolbeinsdóttir og Karen Mist Arngeirsdóttir tóku þátt í Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi dagana 28-30.maí. Stóðu þær sig mjög vel og þess má geta að Karen Mist náði sér í silfurverðlaun í 200m bringus. og 100m bringus. Frábær árangur og óskum við henni innilega til hamingju. Karen Mist tók einnig þátt á Norðurlandamótinu sem haldið var í Þórshöfn í Færeyjum 29.nóv.–1.des. ásamt Gunnhildi Björgu Baldursdóttur. Náðu þær alveg frábærum árangri og kepptu þær til úrslita fyrir Íslands hönd. Erum við afar stolt af þessum stelpum.

Fannar Snævar Hauksson fór til Prag að keppa með SSÍ dagana 31.maí-2.júní. Fannar Snævar náði best fjórða sæti í 100m flugsundi og var með hörkubætingu. Fannar varð einnig í fyrsta skipti Íslandsmeistari í 100m flugs. á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra greinum (ÍM25). Aron Fannar Kristínarson hélt til Vejle í Danmörku að keppa á NÆM Norðurlandameistarmóti unglunga í sumar ásamt öðrum frá Íslandi. Hann átti mjög gott mót þegar hann synti 400m fjórsund með bætingu uppá tæplega tíu sekúndur og hafnaði 4. sæti. Aron var jafnframt í báðum boðsundsunsuveitum íslensku piltanna, 4 x 100 fjór (bak) og 4 x 100 skr. Thelma Lind Einarsdóttir náði lágmarki á EYOF sem er Olympíuhátíð Evrópuæskunnar í Azerbaidjan sem var haldið í júlí. Þar synti hún í 800m skriðsund og stóð sig með prýði.

Sjö sundmenn frá ÍRB fóru til Dublin 18.-20.jan, þar á meðal þrír frá UMFN og kepptu á Leinster Meet. Sundfólkið okkar stóð sig mjög vel á mótinu og ferðin var í alla staði mjög skemmtileg.

Svo hafa verið önnur sundmót sem krakkarnir hafa ekki látið sig vanta á.

Þar á meðal RIG Reykjavík Internatíonol Games. Nokkrir voru frá okkar og stóðu sig öll mjög vel. Karen Mist vann til gullverðlauna í 100m bringu, silfur í 200m bringu og brons í 50m bringusundi.

Á hverju ári höldum við í Sundráði ÍRB Speedomót sem er minna sundmót fyrir 12 ára og yngri. Sundmótið er haldið í byrjun febrúar og síðan í október.

Aðra helgina í febrúar 2019 var Gullmót KR. Góður gangur var hjá okkar fólki, og ánægjulegt að sjá Sólveigu Maríu Baldursdóttur aftur komna í laugina eftir 14 mánaða fjarveru. Á KR Super Challenge hlutanum náði sundfólkið okkar afar flottu árangri. Í úrslitum í Super Challenge áttum við sex af átta sveinum og fjórar af átta í meyflokknum.

ÍM50m var haldið í byrjun apríl og áttum við samanlagt frá Sundráði ÍRB átta Íslandsmeistaratitla sem er alveg frábær árangur hjá ÍRB. Átta Íslandsmeistaratitlar, sjö silfur og sjö brons, þrjú telpnamet, lágmark á EMU og fimm ÍRB met var útkoma helgarinnar.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir: Gull í 1500m skrið og gull í 800m skrið.

Karen Mist Arngeirsdóttir: Gull í 200m bringu, gull í 100m bringu og gull í 50m bringu.

Gunnhildur Björg Baldursdóttir: Silfur í 200m flug og brons í 400m fjór.

Boðsundssveit kvk. 4 x 100 m fjór: Silfur og bæting á sjö ára gömlu ÍRB meti. Íris Ósk Hilmarsd., Karen Mist Arngerisd., Gunnhildur Björg Baldursd. og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir.

Boðsundssveit kk. 4 x 100m fjór: Bronsverðlaun : Fannar Snævar Hauksson, Kári Snær Halldórsson, Þröstur Bjarnason og Kristófer Sigurðsson.

Landsbankamótið er stærsta mótið okkar sem við í samráði við Sunddeild Keflavíkur höldum alltaf um miðjan maí. Þá koma önnur félög hvaðan er af landinu í heimsókn og gista í Holtaskóla. Við byrjum á föstudegi og þá eru allra yngstu sundkrakkarnir 8 ára og yngri. Tveir hlutar fyrir 12 ára og yngri í 25 metra greinum og tveir hlutar 13 ára og eldri í 50 metra greinum. Að helginni lokinni þá höldum við



okkar árlega lokahóf og að þessu sinni var það haldið í Fjölbrotaskóla Suðurnesja með hátíðarkvöldmat og krakkarnir fengu viðúkenningu fyrir frábæran árangur.

Sundráð ÍRB hélt í samtarfi við Sundsamband Íslands Aldursflokkameistaramót AMÍ hér í Reykjanesbæ helgina 21.-23 júní. Þá komu um 300 sundkrakkar frá aldrinum 11-18 ára og gistu þau í Myllubakkaskóla. Mótið gekk mjög vel og stóð okkar sundfólk sig með prýði. Eftir langa og stranga helgi var lokaniðurstaðan á AMÍ 2019 annað sætið.

Þau sem urðu aldursflokkameistarar á AMÍ 2019 hjá UMFN:

Denas Kazulis: 100m flug.

Fannar Snævar Hauksson: 100m flug.

Katla María Brynjarsdóttir: 400 skrið, 200m bak, 200m skrið og 100m bak.

Við erum gríðarlega stolt af sundmönnum okkar. Þau gerðu allt sem lagt var upp með og miklu meira en það. Samstaðan, gleðin, keppnisharkan, hvatningin og einbeitingin sem einkenndi okkar fólk var stórkostleg. Enn og aftur áttum við frábæran lokadag, en þar spilar inn einbeiting, skipulag og hvíld á milli hluta sem er afar mikilvæg. Við áttum næst fjölmennasta liðið í ár.

Bikarkeppni Sundsambands Íslands SSÍ var haldið í samstarfi við Sundráð ÍRB í Reykjanesbæ í október. Okkar Sundfólk stóð sig afar vel. Kvennaliðið hafnaði í öðru sæti í fyrstu deildinni og karllaliðið í fjórða sæti. Árangur kvennaliðsins er afar eftirtektarverður því liðið var án tveggja sterkra sundkvenna frá árinu áður, en greinilegt er að unga kynslóðin og liðsheildin brúar það bil.

Í nóv. var Íslandsmeistarmót Sundsambands Íslands ÍM 25 haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði, og stóð sundfólkið okkar sig afar vel. Þeir sundmenn sem unnu til verðlauna voru:

Karen Mist Arngeirsdóttir Íslandsmeistari í 50, 100 og 200m bringusundi.

Gunnhildur Björg Baldursdóttir Íslandsmeistar í 200m flugsundi og silfur í 100m flugsundi.

Fannar Snævar Hauksson Íslandsmeistari í 100m flugsundi, hans fyrsti Íslandsmeistartitill. Brons í 50 m flugsundi.

Aron Fannar Kristíndarson brons í 400m fjórsundi, hans fyrstu verðlaun á Íslandsmóti.

Kári Snær Halldórsson brons í 200m bringusundi, hans fyrstu verðlaun á Íslandsmóti.

Í desember fengum við í Sundráði ÍRB heimsókn frá einum besta sundmanni landsins og Ólympíufara Antoni Sveini Mckee. Kom hann og spjallaði við krakkana sem vakti mikla lukku og kenndi þeim helstu sundtakta sem hann hefur tileinkað sér. Frábær heimsókn í alla staði og þökkum við Stjórn Sundráðs ÍRB fyrir þennan fyrirlestur.

Sundmenn ársins hjá UMFN voru þau Karen Mist Arngeirsdóttir og Fannar Snævar Hauksson.

Karen Mist var jafnframt kosin Íþróttakona UMFN. Með sex íslandsmeistara á árinu og tvö silfur verðlaun á Smáþjóðleikum í Svartfjallalandi. Með þennan frábæra árangur þá var hún valin Íþróttakona Reykjanesbæjar árið 2019 við hátíðlega athöfn á gamlársmóti. Við erum afar stolt af þessum glæsilega árangri og jafnframt mjög glöð af þessari viðurkenningu sem sundið fékk frá Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar. Ekki nóg með að við áttum íþróttakonu Reykjanesbæjar þá áttum við í Sundráði ÍRB einnig Íþróttamann Reykjanesbæjar, Má Gunnarsson.

Sunddeild UMFN fékk endurnýjun sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Stjórn deildarinnar í lok starfsárs skipuðu þau; Sigurrós Antonsdóttir formaður, guðrún Ósk Lange varaformaður, Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Unnur Helga Snorradótti ritari og Árný Dertí Sverrisdóttir meðstj. Varamenn; Anna Gunnlaugsdóttir, Haukur Hauksson og Árni Grétar Óskarsson.



Við viljum þakka þeim frábæru þjálfurum sem hafa lagt sitt allra besta við vinnu sína sem er að skila okkur þessum gælsilega hópi sundkrakka ásamt stuðningi foreldra. Það má við alveg segjast að við í Sundráði ÍRB höfum bestu þjálfara á landinu.

Fyrir hönd stjórnar,
Sigurrós Antonsdóttir formaður.

3.5. Júdádeild

Skýrsla stjórnar júdádeildar UMFN starfsárið 2019-2020

Ný stjórn og nýr formaður var kjörin á aðalfundi í mars 2019. Formaður Karen Rúnarsdóttir, varaformaður Eydís Mary Jónsdóttir, gjaldkeri Ingibjörg Guðmunda Sveinsdóttir og ritari Lovísa Hilmarsdóttir. Aðrir í stjórn voru Mona Erla Ægisdóttir, Danijela Zivojinovic, Árni Björn Ólafsson og varamenn Silja Dögg Gunnarsdóttir og Björgvin Jónsson. Stjórn vil þakka fráfaraformanni Guðrúnu Bjarnadóttur fyrir óeigingjarnt starf fyrir deildina sem hún hefur sinnt í gegnum árin af mikilli alúð.

Helstu markmið stjórnarinnar voru að tryggja fjárhagslegan rekstur deildarinnar, setja skýrar verklagsreglur, vinna að auknu samstarfi milli júdádeilda á Suðurnesjum, styðja betur undir þátttöku stúlkna og barna af erlendum uppruna í íþróttinni, auk hefðbundinna stjórnarstarfa.

Í lok árs komu upp samstarfserfiðleikar innan stjórnarinnar. Yfirþjálfari deildarinnar sagði starfi sínu lausu. Í kjölfarið sagði formaður sig úr stjórn og yfirþjálfari deildarinnar var endurráðinn. Eydís Mary Jónsdóttir varaformaður tók við starfi formanns 2.des. Lovísa Hilmarsdóttir sagði sig úr stjórn 10.1.2020 vegna tímaskorts og Árni Björn Ólafsson sagði sig úr stjórn 4.2.2020 vegna trúnaðarbrests.

Vel hefur tekist til á árinu að koma fjárhag deildarinnar í góðan farveg. Samvinnuverkefni deildarinnar og RKÍ á Suðurnesjum hefur gengið vel. Tekið var upp Nora skráningakerfið í desember 2019 og nokkuð vel gekk að fá iðkendur til að skrá sig í það, en það er áframhaldandi verkefni sem klára þarf á árinu 2020. Í byrjun árs 2020 var ákveðið að taka í notkun forritið Sportabler, til að auðvelda samskipti þjálfara við forráðamenn og iðkendur og halda utanum mótaskráningar. Í febrúar 2020 voru samþykktar nýjar verklagsreglur fyrir deildina og einnig var ráðinn pólskur þjálfari sem mun stýra byrjendaæfingum á pólsku fyrir pólskumælandi börn, en þetta er tilraunaverkefni sem deildin ákvað að taka upp til að reyna að auka íþróttþátttöku barna af erlendum uppruna. Æfingarnar fóru vel af stað og er stjórnin bjartsýn með áframhaldið.

Gífurleg aukning hefur verið í stúlknaþópum deildarinnar undanfarin tvö ár og er þetta einn stærsti stúlknaþópur í júdá á Íslandi. Eiga þjálfararnir þakkir skyldar fyrir gott starf. Mikið og gott samstarf hefur verið á árinu við júdádeild Þróttar í Vogum og haldin hafa verið sameiginlegir félagslegir viðburðir til að auka tengsl milli iðkenda deildanna auk þess sem deildirnar hafa staðið saman að því að halda Suðurnesja-meistaramótaröðina í júdá.

Guðmundur Stefán Gunnarsson er yfirþjálfari deildarinnar og sér um þjálfun meistaraflokks og drengjaflokka, Heiðrún Fjóra Pálsdóttir þjálfar stúlknaþópa deildarinnar, Kristína Podolyna hefur séð



um þjálfun yngstu hópana. Auk þessara eru nokkrir aðstoðarþjálfarar sem jafnframt eru í þjálfaranámi á vegum ÍSÍ.

Iðkendur Júdoeildarinnar kepptu á árinu í Júdo, BJJ og Glímu, bæði hérlendis og erlendis, auk þess sem farið var í æfingabúðir.

Deildin tók að sér stórt og verðugt verkefni á árinu, að halda Evrópumeistaramótið í keltneskum fangbrögðum, en það var haldið í Akurskóla 25-27 apríl 2019, en taka má taka fram að fráfarandi stjórn á að miklu leiti heiðurinn af því hversu vel til tókst með utanumhald mótsins. Evrópumótið í keltneskum fangbrögðum er stærsti viðburður sem haldin er undir merkjum Keltneska fangbragðasambandsins og stærsta verkefni sem júdoeild UMFN hefur komið að. Bestu fangbragðamenn Evrópu tóku þátt á þessu móti. Njarðvíkingar áttu þrjá landsliðsmenn að þessu sinni, þau Ingólf Rögnvaldsson, Bjarna Darra Sigfússon og Heiðrúnu Fjólu Pálsdóttur. Mótið var afar glæsilegt og á Glímusamband Íslands, foreldrar, stjórn JDN, fráfarandi stjórn JDN og ekki síst iðkendur sjálfir, mikið hrós skilið. Njarðvíkingar áttu fjóra keppendur á mótinu og unnu allir til verðlauna. Ingólfur varð annar í glímu og þriðji í Gouren. Bjarni Darri varð annar í glímu. Jana Lind varð þriðja í Backhold og Gouren. Hún varð svo Evrópumeistari í glímu. Heiðrún Fjóla varð önnur í Backhold og Gouren og einnig Evrópumeistari í glímu. Eftir mótið sagði Guðmundur Stefán, yfirþjálfari Júdoeildar Njarðvíkur, þetta mót sýna hve mikilvægt það sé fyrir deildina að hafa aðgang að keppnisvöllum.

Sjö Njarðvíkingar kepptu fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í júdo í maí. Það voru þau Jana Lind Ellertsdóttir, Daníel Dagur Árnason, Ægir Már Baldvinsson, Heiðrún Fjóla Pálsdóttir, Kári Ragúels Víðisson, Ingólfur Rögnvaldsson og gamla brýnið hann Guðmundur Stefán Gunnarsson. Af þessum hóp voru þeir Daníel og Ingólfur styrktir af Júdosambandi Íslands. Guðmundur og Daníel hlutu báðir brons, Daníel í -55kg flokki og Guðmundur í þungavigt fullorðina. Guðmundur var einnig Norðurlandameistari 40-50 ára. Þess má geta að Njarðvíkingar unnu $\frac{3}{4}$ þeirra verðlauna sem Íslendingar hlutu á mótinu.

Í júní var farið í Olympíuæfingabúðir í Porec í Króatíu þar sem allir bestu júdomenn heimsins hittast og æfa saman.

Í júlí var farið í landsliðsferð til Englands með Íslenska Glímusambandinu þar sem keppt var í 7 mótum á níu dögum. Átta keppendur fóru frá Njarðvík, hlutu fjölda verðlauna og hellingur af reynslu kom í bankann, en hæst bar þó að Guðmundur Stefán Guðmundsson gerði sér lítið fyrir og varð heimsmeistari í keltneskum fangbrögðum. Guðmundur er annar maðurinn utan Englands sem vinnur til þessa titils frá upphafi eða frá 1907 og líklega fyrstur Njarðvíkinga að vinna til heimsmeistaratitils í fullorðinsflokkum. Guðmundur háði harða keppni við 11 sterkustu glímumenn í greininni og stóð uppi sem sigurvegari. Hann sigraði einnig öll 6 mót af 7. Til gamans má geta að upphaflega stóð ekki til að Guðmundur myndi keppa á þessum mótum, en þar sem hann gleymdi að gera ráð fyrir bensínkostnaði í skipulagningu ferðarinnar ákvað hann að keppa til að geta nýtt vinningsfé mótanna í bensínkostnað.

Helgina 14.-15. september fór fram, í æfingaðstöðu júdoeildar Njarðvíkur, fyrsta mótið af þremur í Suðurnesjamótaröðinni. Góð mæting var á mótið en um 30 keppendur mættu frá tveimur félögum, þe. UMFN og Þrótti Vogum. Björn Sigurðarsson, alþjóðadómari, og Andrés Nieto Palma sáu um dómgæslu. Njarðvíkingar voru fjölmennari í þetta sinn og höfðu betur í stigakeppni liðanna.



24.-25. nóvember fór júdódeildin á Södra Open í Haninge í Stokkhólmi. Þar náðist besti árangur deildarinnar á erlendri grundu til þessa. Alls tóku 49 lið frá fjórum löndum þátt í mótinu og voru keppendur tæplega 400. Mótið er liður í sænskri mótarið sem er ætluð börnum, unglíngum og fullorðnum. Njarðvíkingar sendu sex júdókappa en Njarðvíkingurinn Heiðrún Fjóra fór á vegum landsliðs Júdósambands Íslands. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og höluðu inn góðmálmum. Ingólfur varð annar í -66 kg flokki 15–17 og 18–20 ára, Mariam Elsayd sigraði sinn flokk, Daníel Dagur sigraði í -55kg flokki 18–20 ára og varð þriðji í sama þyngdarflokki 15–17 ára, Jóhannes Pálsson sigraði í +66kg flokki 14–15 ára en varð svo annar í -90 kg flokki 15–17 ára. Systir hans, Heiðrún Fjóra varð önnur í +78 kg flokki 18–20 ára og gerði sér lítið fyrir og sigraði +78 kg flokki kvenna. Njarðvík endaði svo í fimmta sæti í keppni liða og er þetta langbesti árangur júdódeildarinnar á erlendri grundu til þessa.

Það má með sanni segja að titlunum hafi rignt yfir deildina þetta árið. Stærstu titlar deildarinnar eru:

Heimsmeistaratitlar:

Guðmundur Stefán Gunnarsson í opnum flokki í keltneskum fangbrögðum

Evrópumeistaratitlar:

Heiðrún Fjóra Pálsdóttir í Glímu

Norðurlandameistaratitlar:

Guðmundur Stefán Gunnarsson 40 ára og eldri í Judo

Íslandsmeistaratitlar:

Rinesa Sopi U13 í Judo

Jóhannes í U15 í judo og unglíngaflokki í brasilísku jiu jitsu

Daníel Dagur U18 í judo

Ingólfur U18 og U21 í Judo og íslandsmeistari í unglíngaflokki í Brazílísku Jiu jitsu.

Ægir Már Rúnarsson U21 í judo

Guðmundur Stefán Gunnarsson: Opnum flokki í keltneskum fangbrögðum

Bjarni Darri Sigfússon tvöfaldur meistari í backhold og tvöfaldur meistari í Glímu

Heiðrún Fjóra Pálsdóttir U21 í Judo í Backhold

Helgi Þór Guðmundsson í Glímu í flokki 12 ára og í Brasilísku Jiu jitsu

Mariam Badawy í Glímu og Brasilísku jiu jitsu

Víkingur Sigurðsson í Brasilísku jiu jitsu

Kristina Podolyna í Brasilísku jiu jitsu

Birkarmeistaratitlar:

Bjarni Darri Sigfússon tvöfaldur bikarmeistari í Glímu

Aðrir titlar:

Heiðrún Fjóra Pálsdóttir valin efnilegasta Judokona Ísland 2019

f.h. stjórnar júdódeildar UMFN

Eydís Mary Jónsdóttir formaður.



3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla stjórnar þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2019

Starfsárið 2019 hófst að venju með æfingahelgi 3N í janúar. Eftir æfinguna tók við við fyrirlestur sem Guðjón Karl Traustason og Hjördís Ýr Ólafsdóttir héldu. Í fyrirlestrinum miðluðu þau af reynslu sinni við þríþrautaræfingar og keppni. Fóru yfir æfingaálag og leiðir til að nýta tíma til æfinga sem best. Æfingahelgin hefur veitt félögum 3N tækifæri til að prófa allar greinar og aukið samheldni meðal félaga 3N.

Í febrúar hélt 20 manna hópur frá 3N til Tenerife í æfingarferð með Ívari Trausta í viku, sem var algjörlega frábær. Aðaláherslan var á að hlaupa og hjóla en einhverjir fóru líka í sjósund eða syntu í hótelsundlauginni og svo var auðvitað líka slakað á í sólinni. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og var algjör snilld eftir veturinn og frábær undirbúningur fyrir sumarið.

Á síðasta aðalfundi urðu nokkrar breytingar á stjórn. Gísla Rún Kristjánsdóttir fór úr stjórn og Börkur Þórðarson kom inn í stjórn. Gunnar Örn Guðmundsson kom inn í stjórn sem varamaður. Við þökkum fráfarandi stjórnarmeðlimum kærlega fyrir þeirra störf og bjóðum nýja meðlimi velkomna til starfa.

Við héldum okkar árlegu götuhjólakeppni, Reykjanesmótið, í maí. Reykjanesmótið er ein af vinsælustu götuhjólakeppnum landsins þar sem byrjendur sem og lengra komnir geta fundið vegalengdir við sitt hæfi og keppt sín á milli.

Á vormisseri var farið í að útfæra og panta æfinga- og keppnisfatnað fyrir deildina og voru all flestir ánægðir með útkomuna.

Nokkrir 3N-arar tóku þátt í Garpamóti SSÍ þar sem tveir félagar 3N lönduðu sinn hvorum Íslandsmeistaratitlinum. Það voru þau Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir og Borgar Þór Bragason. Garpamót SSÍ er stórt og skemmtilegt mót fyrir eldri sundmenn. Vona að þátttakan verði góð í vor.

3N átti fulltrúa í flestum þríþrautarkeppnum sem haldnar voru á Íslandi 2019. Væri gaman að sjá fleiri 3N-ara spreyta sig á þríþrautarkeppni árið 2020. Okkar fólk stóð sig með stakri þryði. Oftast einhver 3N félagi á palli í opnum flokki eða aldursflokki. Það er mikilvægt að taka þátt í sem flestum þríþrautarkeppnum sem boðið er uppá héraðs því engin keppni er án keppenda. Árið 2019 voru 5 keppnir sem þríþrautarsambandið studdi, bæði Íslandsmeistara og/eða bikarkeppnir. Keppnirnar voru, Kópavogspříþrautin, Sprettþrautin í Hafnarfirði, Íslandsmeistaramót í þríþraut á Laugarvatni, Meðalfellsvatn Sprettþraut og Ofursprettþraut 2XU og 3N. Þessar keppnir töldu allar til stiga í bikarkeppni þríþrautarsambandsins. Einnig voru nokkrar keppnir haldnar utan sambandsins eins og Hálfur Járnkarl á Laugarvatni, Heill Járnkarl á Snæfellsnesi, Þríþraut tengd Hlaupahátið á Vestfjörðum og fleiri.

Einn 3N-ari keppti í heilum Járnkarli á árinu. Það var Jón Oddur Guðmundsson sem tók þátt í Ironman Hamborg. Hann kláraði keppnina á 11:18:51 sem verður að teljast ágætis tími þar sem hann fór í keppnina rifbeinsbrotinn eftir byltu sem hann fékk nokkrum dögum fyrir keppni. Við óskum Jóni Oddi til hamingju með þetta afrek og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni. Við erum afar stolt af okkar manni.



Hjólarar 3N tóku þátt í Reykjanesmóttinu, Bláalónsprautinni, Fjallahjólakeppni Rangárbings Ultra og Vesturgötunni í tengslum við hlaupahátíð á Vestfjörðum.

Í upphafi tímabils náðum við samningum við hjólaþjálfarana Ásu Guðnýu Ásgeirsdóttur og Ármann Gylfason og hófu þau störf í september 2019. Þau eru bæði þaulreyndir hjólaþjálfarar og landsþekktir hjólarar. Að fá þau hefur reynst mikil lyftistöng fyrir hjólaþjálfun 3N og hefur samstarf við þau verið afar farsælt og mikil ánægja með þeirra aðkomu að 3N. Vonum að sem flestir 3N-arar nýti sér þessa þjálfun í botn og finni sig vaxa sem hjólara.

Hlaupagarpar deildarinnar tóku þátt hinum ýmsu hlaupakeppnum á árinu 2019. Það má nefna þátttöku 3N-ara í FH BOSE hlaupseríunni, Poweraid seríunni, Vormaraþoni, Haukahlaupinu, Miðnæturhlaupinu, Laugavegshlaupinu, Vesturgötunni, Reykjavíkumaraþoni og hið víðfræga Berlínarmaraþon ásamt hinum ýmsu götu- og fjallahlaupum. Það sem stendur uppúr er án efa ferðin vestur á firði, Reykjavíkumaraþonið og Berlínarmaraþonið. Stór hópur hélt vestur og tóku þátt í Hlaupahátíðinni á Vestfjörðum um miðjan júlí. 3N-félagar kepptu í sjósundi, Arnarneshlaupinu, Vesturgötu-hjólreiðakeppninni og hinni frægu Vesturgötu, sem er hlaupin frá Arnarfirðinum hans Gísla á Uppsölum. Það voru síðan 7 hlaupagarpar frá 3N, sem héldu til Berlínar í september og tóku þátt í Berlínarmaraþoninu eftir að hafa tekið ansi mörg hlaup saman vikurnar á undan og allir stóðu sig mjög vel og langflestir voru að bæta sig mjög mikið frá síðasta maraþoni. Er viss um að allir sem tóku þátt eiga nú góðar minningar úr þessu hlaupum og geta verið stolt af sínum árangri.

Í lok ágúst héldum við okkar árlegu sprettþraut. Fengum mikinn stuðning félagsmanna við framkvæmt keppninnar sem gekk afar vel og var til fyrirmyndar. Heildarfjöldi keppenda endaði í 33 keppendum sem er með allra lakasta móti. Á formannafundi þríþrautarsambandsins sem haldin var á haustmánuðum vakti formaður 3N athygli á því að fjöldi þátttakenda í keppninni okkar væri afar lítill og nánast þannig að ekki væri unnt að halda áfram ef keppendum fækkaði frekar. Formenn voru sammála um að eitthvað þurfi að gera til að hvetja til þátttöku. Á þessu ári verður kynnt ný útfærsla á stigagjöf fyrir bikarkeppni einstaklinga og félaga í stigakeppni þríþrautarsambandsins. Þessi breyting mun taka gildi fyrir næstkomandi keppnistímabil og ætti að efla þátttöku í keppnum sem haldnar eru hérlandis. Við vonum að á þessu á ári verði þátttakan í keppninni okkar í það minnsta viðunandi svo við getum haldið keppnina um komandi framtíð.

Í desember var nóg um að vera hjá 3N. Þorláksmessusundið alltaf á sínum stað en þá eru syntir 1500m. Kirkjuhlaupið var 2.dag Jóla, en þá mæta allir, sem vilja vera með, bæði félagsmenn og aðrir hlauparar í Reykjanesbæ. Hlaupið er á milli kirkna í Reykjanesbæ með jólasveinahúfur allir í miklu jólaskapi. Kirkjuhlaupið endar við InnriNjarðvíkurkirkju með ljúffengu heitu SolluKakói. Á gamlársgar var hlaupið hin árlega Klemma, sem Klemmi sjálfur hefur hlaupið í yfir 20ár. Hlaupið hefst heima hjá Klemma í Heiðarbólinu, hlaupið er úti Sandgerði og Garð og Klemmanum lýkur svo heima hjá Klemma með heitu kakói og smákökum.

Í lok árs fjárfesti stjórnin í æfingabúnaði fyrir félagsmenn. Keypt voru tvö hlaupabretti ásamt lóðum og öðrum búnaði til styrktarþjálfunar.. Það má nefna að Hlaupahópur 3N hefur sýnt ótrúlega elju við æfingar utandyra í vetur. Æfingar hafa nánast aldrei fallið niður vegna veðurs og ný viðmið hafa verið sett hvað varðar veður sem hamlað gæti æfingum.



Þríþrautarkona- og karl ársins voru valin í lok árs að venju. Valið stóð á milli félaga 3N sem keppt höfðu í þríþrautarkeppni á tímabilinu 1. sept 2018 til 31. ágúst 2019. Titillinn þríþrautarkarl ársins hlaut að þessu sinni Jón Oddur Guðmundsson. Titillinn þríþrautarkona ársins hlaut að þessu sinni Guðlaug Sveinsdóttir. Við óskum þeim til hamingju með titlana og vonum að þessi verðlaun hvetji þau til dáða á komandi keppnisári.

Þríþrautardeild UMFN var stofnuð á haustmánuðum 2011. Í tilefni af 10 ára starfsafmæli deildarinnar 2021 langar okkur í stjórninni að gera eitthvað alveg sérstakt. Á árinu munum við byrja að undirbúa einhverja spennandi hreyfiferð sem henta mun sem flestum, sérlega glæsilega árshátíð og eitthvað annað skemmtilegt sem okkur eða öðrum félagsmönnum dettur í hug. Endilega laumið að stjórninni góðum hugmyndum.

Starf Þríþrautardeildar UMFN gekk afar vel á árinu 2019. Mikill fjöldi iðkenda, reksturinn stendur vel og almenn ánægja í deildinni uppbyggilegu áhugamáli í góðum félagskap. Vil ég fyrir hönd Stjórnarinnar þakka Aðalstjórn UMFN og sérstaklega Jenný Lárusdóttur fyrir stuðninginn á árinu. Vil þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg við rekstur deildarinnar og öllum iðkendum fyrir að vera með okkur í þessu skemmtilega starfi. Það bjart framundan hjá 3N og munum við kappkosta við að bjóða uppá fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við viðburði og uppákomur við allra hæfi.

Fyrir hönd stjórnar 3N,
Baldur Sæmundsson formaður.

4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar.

Áfram Njarðvík.

F.h. stjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson formaður

5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2019

5.1. Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2019

Halldór Jens Vilhjálmsson og Karen Mist Arngrímsdóttir



5.2. Knattspyrnukarl UMFN 2019

Atli Geir Gunnarsson

5.3. Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2019

Elvar Már Friðriksson og Vilborg Jónsdóttir

5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2019

Halldór Jens Vilhjálmsson og Elísa Sveinsdóttir

Lyftingarkarl og lyftingarkona UMFN 2019 (ólymp.lyftingar)

Emil Ragnar Ægisson og Aþena Eir Jónsdóttir

5.5 Sundkarl og sundkona UMFN 2019

Fannar Snævar Hauksson og Karen Mist Arngeirsdóttir

5.6. Júðókarl og júðókona UMFN 2019

Ingólfur Rögnvaldsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

Glímukarl og glímukona UMFN 2019

Guðmundur Stefán Gunnarsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2019

Jón Oddur Guðmundsson og Guðlaug Sveinsdóttir

6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2019

6. 1. – 6.6.

Sjá skýrslur viðkomandi stjórna deilda UMFN

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2019: Harpa Kristín Einarsdóttir



Ólafur F. Thordersen afhenti Hörpu Kristínu bikarinn. Bikarinn var fyrst afhentur á aðalfundi félagsins 1993.

2018

Hafsteinn Hilmarsson

2017

Bjarni Sæmundsson

2016

Halldóra Halldórsdóttir

2015

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

2014

Agnar Mar Gunnarsson

2013

Helgi Helgason

2012

Guðmundur Stefán Gunnarsson

2011

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2010

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2009

Rafn Vilbergsson

2008

Örvar Þór Kristjánsson

2007

Logi Halldórsson

2006

Haraldur Hreggviðsson

2005



Andrés Ottósson

2004

Erlingur Rúnar Hannesson

2003

Halldóra Húnbogadóttir

2002

Einar Árni Jóhannsson

2001

Ingólfur Ólafsson

2000

Freyr Sverrisson

1999

Steinunn Sighvatsdóttir

1998

Ólafur Guðbergsson

1997

Freyr Sverrisson

1996

Steindór Gunnarsson

1995

Kristinn Pálsson

1994

Leifur Gunnlaugsson

1993

Júlíus Valgeirsson

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á lokahófi knð UMFN 2018

Leifur Gunnlaugsson



Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hilmar Hafsteinsson

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Ólafur Eyjólfsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Jóhannes A. Kristbjörnsson

Halldóra Lúthersdóttir

Valþór Söring Jónsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Hafsteinn Hilmarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson

Björgvin Magnússon

Ágúst Hrafnsson

Lára Ingimundardóttir

Guðmundur Sæmundsson

Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Viðar Kristjánsson

Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Erlingur Rúnar Hannesson



Páll Kristinsson
Ragnar Halldór Ragnarsson
Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Haukur Guðmundsson
Friðrik Pétur Ragnarsson
Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hermann Jakobsson
Jón Bjarni Helgason
Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Gunnar Þórarinsson – (afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Stefán Bjarkason
Böðvar Jónsson
Guðmundur Snorrason
Haukur Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Teitur Örlygsson
Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.



Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Thor Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Sturla Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Agnar Mar Gunnarsson

Bylgja Sverrisdóttir

Helgi Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Einar Árni Jóhannsson

Friðrik Erlendur Stefánsson

Sævar Ingi Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Friðrik Pétur Ragnarsson

Guðmundur Sæmundsson

Júlíus Valgeirsson

Magnús Þór Kristófersson

Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Friðrik Ólafsson

Herbert Eyjólfsson

Þórunn Þorbergsdóttir

Þórður Karlsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Björn Jóhannsson



Edda Ottósdóttir

Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Einar Árni Jóhannsson

G. Elsie Einarsdóttir

Gunnar Þórarinsson

Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Guðmundur „Brói“ Sigurðsson

Hermann Jakobsson

Leifur Gunnlaugsson

Freyr Sverrisson

7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið .

Veitt á aðalfund UMFN 2019

Harpa Kristín Einarsdóttir

Guðný Björg Karlsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Sævar Ágústsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir

Þórir Hauksson

Haraldur Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Kristinn Örn Agnarsson

Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Hörður Birkisson

Sturla Ólafsson



Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Bjarni Sæmundsson

Guðni Erlendsson

Jóhannes Albert Kristbjörnsson

Kristinn Einarsson

Páll Kristinsson

7.4 UMFN skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu

Helgi Helgason

Snorri Jónas Snorrason

Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2019

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

9.1. Sport- og ævintýraskóli UMFN



Skýrsla fyrir sumarið 2019

Sport- og ævintýraskólinn er svokallaður íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík og Ytri-Njarðvík. En námskeiðið er að sjálfsgöðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla (fyrra námskeið) og í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur (seinna námskeið). Undanfarin ár hefur aðsóknin verið með eindæmum góð.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttagreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í mjög góðu samstarfi við yngri flokkastarf UMFN. Ákveðinn dagur hefur ávallt verið tileinkaður íþróttagreinunum og fær skólinn til sín þjálfara sem leiðbeina krökkunum í einu og öðru sem tengist þeirra íþróttagrein. Það er von skólans að börnin fái jákvæða upplifun af því frábæra starfi sem fram fer í helstu íþróttagreinum innan UMFN.

Þáttökugjald:

Þáttökugjaldið var 12.000 krónur fyrir tveggja vikna námskeið og veittur var 2000 kr. systkinaafsláttur.



Námskeiðin:

Námskeið - Akurskóla

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 11.júní og stóð til 21.júní. Alls sóttu 49 krakkar námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-9 ára eða um 41 talsins (84%) og börn á aldrinum 10-12 ára voru samtals 8 eða um 16% af heildarfjölda þeirra sem sóttu fyrsta námskeiðið.

Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjanesbæ.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
11.jún-14.jún	Friðdagur <i>Annar í hvítasunnu</i>	Hittingur við íþróttahúsið í Akurskóla / Leikir og smá skoðunarferð Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega skoðunarferð Munið að koma klædd eftir veðri, með nesti og í góðum skóm !	Amazing race ratleikur / Ævintýraleikar Í dag munum við fara í ratleik um bæjarfélagið okkar, hóparnir munu fást við ýmsar þrautir og reyna að leysa þær eftir bestu getu. Einnig verða haldnir Ævintýraleikar sem eru í formi óhefðbundinna þrauta.	Kynning á Júddó / Frisbígolf Þjálfarar frá Júddó deild UMFN mun taka á móti hópunum og kynna íþróttina. Einnig munum við fara í frisbígolf. Mætið tímanlega. <u>Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegi)</u>	Sund í Vatnaveröld Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti. Mætið tímanlega. <u>Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegi)</u>
18.jún-21.jún	Friðdagur 17.júní	Hjólaferð / Fjöruferð Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Hópnun verður skipt upp í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjólaferð. Við gerum okkur ferð í Landnámsdýragarðinn og fjöruna þar sem við munum leita eftir kröbbum og öðrum sjávardýrum. Það er aldrei að vita hvað finnst við fjöruborðið, takið því endilega með ykkur ílát undir þann fjarsjóð sem þið finnið.	Fjörheimar / 88 húsið Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsgöðu gera okkur glaðan dag. Mætið tímanlega. <u>Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegi)</u>	Körfubolti / Leikir og fönður Logi Gunnarson þjálfari afreksíþróttahóps körfuknattleiksdeildar UMFN mun koma í heimsókn til okkar og sýna okkur eitt og annað í körfubolta. Síðan verður í boði að velja um að fara út í leiki eða vera inni að fönðra.	Tívolidagur og Minute to win it ! Farið verður í heimatilbúið Tívoli þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum inn í íþróttahúsi Akurskóla. Einnig verða Minute to win it þrautir sem eru bæði krefjandi og skemmtilegar. Í lok dags fara vonandi allir heim með bros á vör og ís í hendi ☺



Námskeið - Njarðvíkurskóli


Þann 24.júní fór af stað annað námskeið sumarsins og stóð það fram til 4.júlí. Alls sóttu 39 börn seinna námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-9 ára eða um 34 talsins (87%) og börn á aldrinum 10-12 ára voru samtals 5 (13%) af heildarfjölda þeirra sem sóttu seinna námskeiðið.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
24.jún-27.jún	<p>Hittingur við íþróttahús Njarðvíkur / Skoðunarferð</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega skoðunarferð</p> <p>Munið að koma klædd eftir veðri, með hollt nesti og í góðum skóm !</p>	<p>Körfubolti / Leikir og fændur</p> <p>Logi Gunnarson þjálfari afreksíþróttahóps körfuknattleiksdeildar UMFN mun koma í heimsókn til okkar og sýna okkur eitt og annað í körfubolta. Síðan verður í boði að velja um að fara út í leiki eða vera inni að fændra.</p>	<p>Júdó / Útileikir</p> <p>Heiðrún Fjóla þjálfari Júdó deildar UMFN munu taka á móti hópnum og kynna íþróttina. Einnig munum við fara í skemmtilega útileiki.</p> <p>Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:50 (eftir hádegi)</u></p>	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:50 (eftir hádegi)</u></p>
1.júl-4.júl	<p>Óvissuferð</p> <p>Í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri, í góðum skóm og muna að taka með sér hollt nesti.</p>	<p>Tarzan og apafjör</p> <p>Börnin fá að spreyta sig í Tarzanþraut í íþróttahúsinu í Akurskóla og munu aparnir vera með í öllu fjörinu 😊</p>	<p>Hjóliferð</p> <p>Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýranna. Hópnum verður skipt í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjóliferð.</p>	<p>Tívolídagur og Minute to win it !</p> <p>Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum inn í íþróttahúsi Njarðvíkur. Einnig verða „Minute to win it“ þrautir sem eru bæði krefjandi og skemmtilegar.</p> <p>Í lok dags fara vonandi allir heim með bros á vör og ís í hendi 😊</p>



Sumarið gekk mjög vel og voru iðkendar Sport- og ævintýraskólans um 88 samanlagt yfir bæði námskeiðin. Ef við skoðum aldurskiptingu á iðkendunum, þá kemur glögglega í ljós að þátttakendur á aldrinum 6-9 ára voru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru á aldrinum 10-12 ára (mynd 1)


Fjöldi iðkenda eftir fæðingarári



Mynd 1. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

í mynd 2)

Kynjahlutfall



Mynd 2. Prósentuhlutfall kynja

Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2019:

Andrés Þórarinn Eyjólfsson (yfir umsjón), Alísa Rún Andrésdóttir (umsjón), Lovísa Andrésdóttir (10.bekkur), Elín Alda Hjaltadóttir (10.bekkur), Stefanía Lind Guðmundsdóttir (10.bekkur), Júlía Steinunn Jóhannsdóttir (10.bekkur), Elva Lára Sverrisdóttir (10.bekkur), Ísold Saga Karlsdóttir (9.bekkur), Gunnar Már Björgvinsson (9.bekkur), María Mist Sigursteinsdóttir (9.bekkur), Þorsteinn Guðni Tyrfingsson (9.bekkur), Karlotta Ísól Eysteinsdóttir (9.bekkur), Brynjar Dagur Freysson (8.bekkur),

Þakkir:

Án þess að fá góðan stuðning er svona námskeið ekki framkvæmanleg og því vil ég þakka stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur ávallt litið á þetta verkefni björtum augum. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af, strætókort fyrir hópinn og þeim frábærum krökkum sem völdu það sérstaklega að vinna með börnum í vinnuskólanum í sumar. Sævar Baldursson (BUS4U) á einnig gott hrós skilið fyrir frábæra þjónustu en án hans þjónustu gæti skólinn ekki ferðast um Reykjanesbæ og notið þeirra fjölbreyttu afþreyingar sem er í boði. Síðast en alls ekki síst vill ég þakka þjálfurum UMFN sem heimsóttu okkur þetta árið og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg.

*Andrés Þórarinn Eyjólfsson Íþróttafraeðingur
Forstöðu- og ábyrdarmaður Sport- og ævintýraskólans*

S: 699-2345 sportskóli@umfn.is

